

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 59 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 19. ágúst 2020 kl. 18:00

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vído Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Páll Þór Guðmundsson sat fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru þrjú dagskrárliðir:

1. Kjaradeilur -staðan.

Jón Rúnar Pálsson frá Samtökum atvinnulífsins kom inn á fund gegnum Skype. Framkvæmdastjóri kynnti stjórn stöðuna í kjaradeilu við undirmenn í Sjómannafélagi Íslands (SÍ) og fór yfir fund sem þeir áttu með fulltrúa SÍ þann 18. ágúst. SÍ lagði fram sínar kröfur og var þeim hafnað af hálfu Herjólfss ohf. Fundi var slitið og deilu vísað aftur til ríkissáttasemjara. Síðan upplýsti Jón Rúnar fundarmenn um ýmis atriði varðandi kjaradeiluna og vék síðan af fundi

Niðurstaða: Stjórn þakkar framkvæmdastjóra og Jóni Rúnari góða yfirferð. Það er ljóst að Herjólfur ohf. hefur ekki bolmagn til frekari launahækkana en lífskjarasamningur segir til um.

2. Starfsmannamál.

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

3. 6 mánaða uppgjör og uppfærð rekstraráætlun fyrir 2020.

Stjórnarformaður kynnti rekstraruppgjör fyrstu 6 mánaða 2020 og rekstraráætlun fyrir allt árið 2020. Enn er mikil óvissa í rekstrinum vegna Covid-19 og stefnir í gríðarlegt tap á árinu. Fyrstu 6 mánuðir ársins sýna um 170 millj. króna tap.

Í ljósi stöðunnar telur stjórnin mikilvægt að skoða möguleika við endurskipulagningu á rekstrinum og er framkvæmdastjóra falið að gangast í það verk og leggja fyrir stjórn.

Niðurstaða: Samþykkt samhljóða. Stjórnarformanni er þökkun kynningin.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 27. ágúst 2020.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 20:45.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.